

Dr. Jón Atli Benediktsson lauk lokaprófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann lauk MSEE prófi í rafmagnsverkfræði frá Purdue Háskóla í Bandaríkjunum 1987 og doktorsprófi frá sama skóla 1990. Heiti doktorsritgerðar hans er „Statistical Methods and Neural Network Approaches for Classification of Data from Multiple Sources“. Við Purdue hlaut Jón Atli viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur.

Jón Atli á að baki glæsilegan feril og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar hér heima og erlendis. Má nefna að hann hefur árlega verið á lista yfir áhrifamestu vísindamenn heims frá 2018, hlaut riddarakross hinnar íslensku Fálkaorðu 2021. Jón Atli hefur hlotið viðurkenningar frá SPIE og IEEE, Institute of Electrical and Electronics Engineers, sem eru stærstu alþjóðlegu samtök tæknimanna. Jón Atli var útnefndur rafmagnsverkfræðingur ársins af IEEE og Verkfræðingafélagi Íslands árið 2013.

Rannsóknasvið Jóns Atla eru fjarkönnun, myndgreining, mynsturgreining, vélrænt nám, gagnabræðsla, greining lífeðlisfræðilegra merkja og merkjafræði. Hann hefur birt yfir 400 vísindagreinar á þessum sviðum og verið virkur í ritstjórnnum vísindatímarita og var m.a. aðalritstjóri IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing um sex ára skeið. Jón Atli hefur verið mjög virkur í alþjóðastarfi og kennt víða um lönd. Hann hefur leiðbeint meistara- og doktorsnemunum við fjölda háskóla ásamt því að vera andmælandi víða og setið í mörgum doktorsnefndum.

Jón Atli hefur starfað við Háskóla Íslands frá 1991, fyrst sem lektor í rafmagnsverkfræði 1991-1994, dósent í rafmagnsverkfræði, 1994-1996, og sem prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði frá 1996. Á þessum árum kenndi hann fjölda námskeiða. Jón Atli var þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors við Háskóla Íslands 2006-2009 og aðstoðarrektor vísinda og kennslu 2009-2015. Jón Atli hefur verið rektor Háskóla Íslands frá 2015.

Jón Atli var einn af þeim frumkvöðlum sem stofnuðu fyrirtækið Oxymap ehf. sem selur um víða veröld tæki til súrefnismælinga í augnbotnum án inngrips, til að greina ýmiss konar sjúkdóma sem valda blindu.

Jón Atli er traustur liðsmaður Verkfræðingafélags Íslands og hefur jafnan sýnt félaginu velvild og áhuga.